

FOR IMMEDIATE RELEASE
November 6, 2017

Ný afþreying á Íslandi styður við áframhaldandi vöxt Pursuit

Pursuit stefnir á opnun FlyOver upplifunar í Reykjavík

Alþjóðleg fjármögnun hefur verið tryggð á uppsetningu hátæknilegrar nýjungar í afþreyingarmöguleikum í Reykjavík undir heitinu FlyOver Iceland. Sérhönnuð 2.000 fermetra bygging verður reist fyrir verkefnið og háþróaðri kvikmynda- og sýningartækni er beitt til að veita gestum einstakt tækifæri til að svífa yfir stórfenglegt landslag og margar af helstu náttúruperlum Íslands. Sýningin verður staðsett við Fiskislóð og er stefnt að opnun hennar árið 2019. Vonir standa til að FlyOver Iceland festi sig í sessi sem öflugur þáttur í fjölbreyttu aðdráttarafla borgarinnar.

Gestir sýningarinnar sitja í sætisbeltum í stórri sýningarhvelvingu og stólarnir hreyfast í takti við hreyfingar myndarinnar. Sérstakar tæknibrellur á borð við vind, lykt, þoku og raka auka enn frekar á upplifunina og gera hana ógleymanlega fyrir alla aldurshópa.

Íslenska afþreyingarfyrirtækið Esja Attractions ehf. hefur unnið að undirbúningi verkefnisins um tveggja ára skeið. Viad Corp, sem skráð er í kauphöllina í New York, hefur tilkynnt um kaup á meirihluta hlutafjár í Esju. Viad hefur fjárfest í ýmsum tækifærum til framandi, ævintýralegrar og ógleymanlegrar upplifunar í ferðaþjónustu í Norður Ameríku. Þar á meðal er FlyOver Canada í Vancouver sem rekið er af sérstakri rekstrareiningu innan Viad, Pursuit.

„Kaup okkar á FlyOver Canada í desember 2016 hafa reynst afar árangursrík með góðri framlegð og arðgreiðslum“, segir Steve Moster, forstjóri Viad Corp. „Við erum mjög spennt fyrir því að útfæra þessa hugmynd á nýjum og stórkostlegum mörkuðum. Reykjavík er tilvalinn staður fyrir FlyOver sýninguna þar sem fjöldi ferðamanna á Íslandi vex stöðugt og er áætlaður um 2,7 milljónir árið 2019. Við væntum þess að ávöxtun þessarar fjárfestingar verði umfram það 15% arðsemismarkmið sem Viad setur sér sem lágmarksviðmið í langtímafjárfestingum sínum.“

„Með þessum kaupum nær Pursuit nýjum áfanga í að þróa FlyOver hugmyndina inn á nýja og spennandi markaði“, segir David Barry, framkvæmdastjóri Pursuit. „Við hlökkum til að ganga í lið með stjórnendum Esju, frábærum fagmönnum með mikla reynslu og þekkingu á Íslandi sem

stöðugt fagnar auknum vinsældum alþjóðlegra ferðalanga. Með sameiginlegri þekkingu okkar erum við í kjörstöðu til að efla vöxt þessarar starfsemi og styrkja um leið framlegð Pursuit.“

„Fjárfesting Viad Corp er mikil viðurkenning á því starfi sem unnið hefur verið sl. tvö ár við undirbúning verkefnisins,“ segir Sigurgeir Guðlaugsson, stjórnarformaður Esju Attractions ehf. „Við munum bjóða gestum okkar að upplifa ýmsar af stórkostlegustu náttúruperlum landsins á máta sem aldrei hefur boðist fyrir. Við erum sannfærð um að FlyOver Iceland muni skipa sér á bekk með vinsælustu viðkomustöðum í Reykjavík og hlökkum til að leggja okkar af mörkum til áframhaldandi vaxtar í íslenskri ferðaþjónustu.“

Reykjavík 6. nóvember 2017

Fréttatilkynning frá Esju Attractions ehf.

Nánari upplýsingar: Sigurgeir Guðlaugsson, s. 864 8284